

REGLUGERÐ

um greiðslu læknishjálpar við glasafrjógungun erlendis.

1. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna glasafrjógungunar íslenskra para erlendis, sem ekki fæst hér á landi, með sama hætti og segir í 35. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, enda séu uppfyllt almenn skilyrði 3. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjógungun.

2. gr.

Glasafrjógungun skv. reglugerð þessari varðar þau tilvik, þar sem kynfrumur parsins eru notaðar til tæknifrjógungunar og þau tilvik þar sem notkun gjafakynfrumu er heimil skv. 6. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjógungun.

3. gr.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í glasafrjógungunar-meðferð samkvæmt reglum þessum. Sjúkratryggingadeild er heimilt að taka þátt í kostnaði sem til hefur verið stofnað eftir 1. júní 1996 vegna slíkrar lækniþjónustu erlendis.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að gera samning við erlenda stofnun, sem að mati siglinganefndar skv. 35. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar er fær um að veita þessa lækniþjónustu, þar til fullnægjandi aðstaða verður sköpuð til þess hér á landi.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 35. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 218/1987, um greiðslu læknishjálpar við glasafrjógungun erlendis.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. mars 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag þjónustumiðstöðvar í Vaglaskógi, Hálshreppi.

Hreppsnefnd Hálshrepps hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkt deiliskipulag þjónustumiðstöðvar í Vaglaskógi, Hálshreppi, þann 3. mars 1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Illugastöðum, 31. mars 1998.

F. h. hreppsnefndar Hálshrepps,

Jón Þ. Óskarsson oddviti.